

1928 nr. 22 7. maí**Hjúalög**

Tóku gildi 3. ágúst 1928. Breytt með 1. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990), 1. 20/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992) og 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. kaffi.

■ **1. gr.** Fyrirmæli þessa kaffa gilda aðeins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rétt hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemmri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi.

■ **2. gr.** Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

■ **3. gr.** Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta.

□ Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

□ Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að undanfögnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögnum ekki beitt.

■ **4. gr.** Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningur um vistarráðin af nýju.

□ Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

□ Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

□ Á skildaga er hjú rétt að víkja úr vist á hádegi.

■ **5. gr.** Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu. Nú getur hjú ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúíð sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúíð getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna, ef hann vill.

■ **6. gr.** Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, ef öðruvísi er ekki um samið, af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á réttum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúíð gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga.

□ Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

■ **7. gr.** Húsbóndi skal veita hjú sínu viðunalegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónnda síns, og aðra aðhlyningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er hjúíð skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rétt til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint hand-

klæði einu sinni á viku. Í frístundum sínum á vetrum skal hjúíð fengin dvöl í viðunalega hlýju herbergi.

■ **8. gr.** Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúíð hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

□ Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúíð rétt til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupíð hinsvegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúíð að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rétt til þess að krefjast greiðslu á kaupí því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupí fyrir annan vistarmánuð, o.s.frv., þannig að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónnda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið.

□ Ef ekki er öðruvísi um samið, teljast $\frac{3}{4}$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og $\frac{3}{4}$ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júní til 1. október.

□ Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupí hjús að fullu.

□ Ef vistarráðum lýkur fyrr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúíð rétt til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúíð meðan á vistarráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sé um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rétt til kaups fyrir þann tíma.

■ **9. gr.** Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast, og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

□ Ef húsbóndi kys að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rétt til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins, ef lækni telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sóthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

□ Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sé sérlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

□ Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sé á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúíð í burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema lækni hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur lýst því, að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita lækis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúíð í opinbert sjúkrahús.

■ **10. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónnda fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupí fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

■ **11. gr.** Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónnda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

■ **12. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs né húsbónnda þess verði gefin sök á, og er húsbónnda þess skylt að fæða það ókeypís — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — allt að fjórðungi vistarráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúíð verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki í sjúkrahúsi,

þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

■ **13. gr.** Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu máf til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal þá hjú einskis missa af kaupum sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er og það getur ekki innt af hendi störf sín.

■ **14. gr.** Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sérstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annarri slíkri stofnun, er húsbónda óskýlt að greiða, nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr.

■ **15. gr.** Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

■ **16. gr.** Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálf lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, sem sveitarstyrk, veittan hjúinu.

■ **17. gr.** Deyi hjú í vist, eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfé, ef með þarf.

■ **18. gr.** Þótt hjú sé ráðið til ákveðinna starfa, skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

□ Ef hjú með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða á skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

■ **19. gr.** Ef hjú í kaupstað eða kaupþúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglíngaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

■ **20. gr.** Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara, eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaða fyrirvara.

■ **21. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 20/1991, 135. gr.

■ **22. gr.** Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km burt frá þeim bústað hans, þar sem hjú með átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann ennfremur greiða hjú kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð skv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjú vita um flutninginn 4 vikum hið skemmsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjú flytur í vistina allt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sérstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sér fyrir hjú.

□ Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjú er komið í vistina, gilda samskonar ákvæði.

■ **23. gr.** Hjú er vítalust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjú eða svelt það, leitast við að tæla

hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjú verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust.

□ Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitt-hvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fékk vitneskju um verknadinn. Kaups getur hjú aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

■ **24. gr.** Hjú er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,

2. leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,

3. lætur hjú að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlyningu eða heilsuspillandi húsnæði,

4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,

5. geldur hjú ekki kaup í ákveðinn tíma, þótt krafist sé,

6. stofnar ranglega og að nauðsynjalaus lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

■ **25. gr.** Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi séu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svarar til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann, sem eftir er. □ Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupum fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

■ **26. gr.** Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku, ef hann getur sannað:

1. að hjú hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsálitum er svívirðilegur,

2. að hjú hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sé óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,

3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blekkur með fölskum vitnisburði um hjú,

4. að hjú kunnir ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

□ Þetta, sem talið hefir verið, skiptir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann réði hjú.

□ Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjú er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjú úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina, og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara.

■ **27. gr.** Húsbóndi má þegar vísa hjú úr vist, er hann getur sannað, að hjú hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjú:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
 2. leggur hönd á húsbóndanum eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
 3. sýnir húsbóndanum eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,
 4. tælir börn á heimilinu til illverka,
 5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
 6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
 7. gengur um með smitandi samræðissjúkdóma,
 8. spillir af ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
 9. sýnir af sér megent og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.
- Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari grein og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.
- **28. gr.** Ef húsbóndi riftar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur, er þó ekki nema meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

■ **29. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 15. gr.

II. kafli.

■ **30. gr.** Viðskipti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sér fyrirfram neinum réttindum samkvæmt 9. og 11.–12. gr., og afsal slíkra réttinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sérstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram, hvernig vistarráðum er varið, og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. kafli.

■ **31. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 116/1990, 17. gr.

■ **32. gr.** [Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum . . . ¹⁾]²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr. ²⁾ L. 116/1990, 17. gr.

■ **33. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 116/1990, 17. gr.